



ÓRÓI, krunk hrafnanna

söguþráður og lesskilningsspurningar

Seinna - reiði **bls. 6**

Einhver getur ekki sofð og er mjög reiður. Honum finnst ekkert hafa gengið upp í lífi sínu og er reiður út í allt, foreldra sína og vini. Mamma hans sefur við hliðina á honum í litlu og þröngu herbergi og á andliti hennar er áhyggjusvipur.

Fuglagarg **bls. 7**

Svandís vaknar við fuglagarg á sunnudagsmorgni og nær ekki að sofna aftur. Hún ákveður að ganga upp að vatni. Á leiðinni hittir hún gamla konu sem henni finnst undarleg. Gamla konan biður Svandísi að bera kveðju til ömmu frá Sessu á Hóli.

Til minnis: Sessa á Hóli er klædd í skósítt pils og ullarpeysu. Á höfðinu ber hún móbrúna húfu og lafir dúskur niður á bak. Álfheimar eru uppi við vatnið og þar eru tveir villihestar sem eru í raun nykrar.

Spurningar:

- a. Af hverju vita Svandís og Arnór, bróðir hennar svona mikið um fugla?
- b. Hvað er lóukaffi?
- c. Hvað kom fyrir bátaskýlið og árabátinn hans afa?
- d. Hvað eru hrafnssteinar?

Svör:

- a. Afi er duglegur að fræða systkinin um fugla og leyfir þeim að fylgjast með komu farfuglanna á vorin.
- b. Þegar frést hefur af því að lóan sé komin til landsins bakar amma pönnukökur og klæðir sig í finan kjól. Síðan býður hún fólki í boð sem hún kallar lóukaffi.
- c. Bátaskýlið hans afa brann síðasta vetur ásamt árabátnum en það stendur til að byggja nýtt skýli.

- d. Hrafnsteinar eru töfrasteinar sem geta opnað læstar dyr og þegar þeir eru settir undir tungu skilur viðkomandi fuglamál.

Hrafnklukka

bls. 13

Hrafnklukka er úr álfheimum en hún kom í bekkinn eftir áramót. Afí Hrafnklukku er bróðir ömmu Svandísar og er hún því frænka Svandísar. Hrafnklukka var fangi skuggafólksins í mörg ár en Svandís og vinir hennar hafa hjálpað henni að fóta sig í mannheimum.

Til minnis: Huldufólk og skuggar hafa lengi átt í hatrömmum deilum og oft hefur komið til átaka á milli hópanna.

Spurningar:

- Af hverju finnst Svandísi Hrafnklukka líkjast villibarni?
- Hvað ætlar Svandís að gera í sumarfríinu?
- Hvað langar Hrafnklukku til að Svandís geri í sumar?

Svör:

- Hrafnklukka var lengi í fangaklefum skugganna og margt er svo framandi í mannheimum fyrir henni t.d. matur, tækninýjungar að hún veit stundum ekki hvað er viðeigandi og hvað ekki.
- Svandís ætlar að vinna á kaffihúsinu og passa Arnór bróður sinn. Lára, vinkona hennar frá Reykjavík, kemur til hennar í heimsókn.
- Hrafnklukku langar til að fá Svandísi í heimsókn til álfheima.

Endur fyrir löngu - saga sveitarstúlku. I. hluti

bls. 18

Í þessum fyrsta hluta er sagt frá stúlku sem býður spennt eftir því hvernig faðir hennar tekur fyrirspurn pilts úr sveitinni um samþykki hans fyrir bónorði. Faðir hennar samþykkir ráðahaginn en hefur orð á því að pilturinn sé kvennamaður og margar stúlkur í sveitinni geri sér líka væntingar um bónorð.

Kennarasonur

bls. 20

Rúna er nýr kennari sem kemur til starfa við skólann. Þráinn, sonur hennar, kemur í bekkinn til Svandísar. Hann er mjög feiminn og það er erfitt að kynnast honum.

Til minnis: Í skólabílnum á leiðinni í skólann verður Svandísi litið út um gluggann og sér þá aftur gömlu konuna sem hún hitti á leiðinni upp að vatni.

Spurningar:

- a. Af hverju er vond lykt inni í skólastofunni?
- b. Af hverju mætir Ragnar of seint í tíma?
- c. Hvernig líst krökkunum á nýja strákinn?

Svör:

- a. Nemendur hafa sett blauta sokka á ofninn og lyktin af þeim er ekki góð.
- b. Ragnar sótti nýja kennarann og son hennar áður en skóli hófst og kom of seint í tíma.
- c. Krökkunum finnst erfitt að kynnast nýja stráknunum þar sem hann er feiminn. Sylvíu finnst hann ekki spennandi en Hrafnklukka vill gefa honum tækifæri til að kynnast þeim.

Sessa á Hóli

bls. 24

Svandís hjálpar afa sínum í sauðburði og leysir hann af í fjárhúsunum. Gamla og undarlega konan kemur og hjálpar henni þegar kindin Flekka á í erfðleikum með burð. Afi verður skrýttinn á svipinn þegar Svandís minnst við hann á Sessu og amma segir henni að Sesselía eða Sessa á Hóli sé skotta eða draugur sem hefur verið að hrella fólk í sveitinni.

Til minnis: Skotta er kvenkyns draugur sem fylgir ákveðnum bæjum eða sveitum. Karlkyns draugarnir eru kallaðir mórar. Þessir draugar geta verið hrekkjóttir og eru oft vondir.

Sessa syngur um Sigurfagra sem amma segir að sé ónytjungur og kvennaflagari. Draugum og álfum kemur ekki vel saman.

Spurningar:

- a. Hvern kallar afi, litla ræfilinn?
- b. Af hverju hrellti Sessa afa og ömmu Svandísar?
- c. Hvað gerðu afi og amma til að losna við Sessu?
- d. Hvað segir amma Svandísi að gera ef Sessa birtist henni á ný?

Svör:

- a. Afi kallar lítinn lambhrút „litla ræfilinn” en hann verður heimalningur hjá þeim þetta vorið.

- b. Sagt er að Sessa geti ekki unað neinum að vera hamingjusamur og þegar afi og amma hófu búskap varð Sessa afbrýðisöm út í ástina og fór að láta illa í kringum þau.
- c. Afi og amma kölluðu prest til aðstoðar við að kveða drauginn niður.
- d. Amma segir Svandísi að vera ákveðna við Sessu ef hún birtist. Hún á að skipa henni að fara eða sækja ömmu.

Vinir á kaffihúsi

bls. 31

Brjánn og Svandís eru að vinna á kaffihúsinu. Hrafnklukka kemur til þeirra og langar líka til að vinna. Hún fær að skreyta bollakökur í eldhúsinu. Rúna og Þráinn koma á kaffihúsið og Svandís reynir að spjalla við Þráin sem felur sig undir hettupeysunni.

Til minnis: Þráinn þekkir ekki vinsælt lag sem er í útvarpinu.

Spurningar:

- a. Af hverju finnst Svandísi Þráinn hafa glötuð áhugamál?
- b. Hvað er það sem Hrafnklukka hefur áhyggjur af?

Svör:

- a. Þráinn hefur áhuga á fótbolta og veit allt um hann en hann veit ekkert um tónlistina sem Svandís hefur áhuga á.
- b. Hrafnklukka hefur áhyggjur af náminu og hvernig hún eigi að ná öllum prófunum sem fram undan eru.

Kistill á fjallstindi

bls. 38

Hrafnklukka hefur fengið samþykki fyrir því að bjóða Hrafnklukku og Láru til álfheima á hátíð sem haldin er á sumarsólstöðum. Á leiðinni til Brjáns og Sylvíu hitta Svandís og Lára Sessu á Hóli. Hún segir þeim frá kistli sem er uppi á fjallstindi og biður Svandísi um að sækja hann fyrir sig.

Til minnis: Inn í stóra fjallstindinum í álfheimum er kirkja sem hefur verið lokuð lengi.

Bátasmiður hefur komið sér fyrir við smíðar nálægt bæ Brjáns og Sylvíu.

Spurningar:

- a. Hvað heitir amma Svandísar?

- b. Hvað eru sumarsólstöður og hvaða sérstöðu hafa þær í álfheimum?
- c. Af hverju finnst Svandísi frábært að sjá bátasmiðinn?

Svör:

- a. Amma Svandísar heitir Líneik.
- b. Sumarsólstöður eru á bjartasta degi ársins, 21. júní ár hvert. Á sumarsólstöðum er haldin stór hátíð í álfheimum sem er stærri en bæði jóla og áramót í mannheimum.
- c. Svandís hugsar með sér að kannski geti bátasmiðurinn smíðað nýjan bát fyrir afa.

Spilavinir **bls. 47**

Svandís spjallar við Þráin sem samþykkir að koma heim með krökkunum eftir skóla til að spila. Þar sýnir hann á sér nýja hlið og krakkarnir kynnast honum betur.

Til minnis: Svandís finnur dót úti í skemmu sem var í gamalli kistu í herberginu hennar. Hún tekur dótið með sér, gömul föt, bækur og box.

Spurningar:

- a. Hvernig eru fjölskylduaðstæður Þráins?
- b. Af hverju verður Svandís hálfvúl við Rúnu?

Svör:

- a. Þráinn býr með móður sinni en hann á pabba og mögulega einhver hálf systkin sem hann hefur ekkert samband við.
- b. Svandís er hálfvúl við Rúnu fyrir að afsaka son sinn við hana og þakka henni fyrir að bjóða honum með.

Endur fyrir löngu - saga sveitarstúlku. II. hluti **bls. 53**

Konan í sögunni er ekki sátt við lífið. Hún stritar við bústörfin á meðan eiginmaðurinn er að heiman. Þau hafa ekki eignast börn og hún heyrir sögur í sveitinni um að maðurinn hennar sé henni ótrúur. En þegar hann er heima breytist allt til hins betra.

Rifrildið **bls. 55**

Svandís hefur lokið við að ganga frá morgunverðinum á kaffihúsinu þegar Hrafnklukka kemur og biður um eitthvað gott að borða. Þær verða vitni að rifrildi Rúnu og Þráins.

Til minnis: Inni í álfheimum eru margir fallegir staðir sem Hrafnkluoku langar til að sýna Svandísi.

Spurningar:

- a. Hvað er það sem Svandís áttar sig ekki á og finnst undarlegt við Rúnu og Þráin?
- b. Hvenær þurfa Svandís og Lára að vera komnar til álfheima samkvæmt Hrafnkluoku?
- c. Af hverju er Þráinn reiður við mömmu sína?

Svör:

- a. Svandísi finnst undarlegt að hvorki Rúna né Þráinn séu hrifin af tónlist.
- b. Hrafnkluoku þætti best ef þær kæmu tveimur dögum fyrir sumarsólstöður en hátíðin stendur frá 21. - 25. júní.
- c. Þráinn er reiður við mömmu sína af því að hún vill að þau flytji sig og fari burt.

Bátasmiðurinn

bls. 59

Krakkarnir velta fyrir sér stöðu Rúnu og Þráins og hvaða hætta steðji að þeim. Svandís ætlar að tala við Þráin og spyrja hann hreint út hvað sé í gangi. Svandís talar við bátasmið sem virðist hrokafullur og spyr hann hvað kosti að kaupa af honum nýjan bát. Þráinn segir Svandísi að frá því að hann var lítill hafi hann og mamma hans verið á stöðugu flakki á milli landshluta og hann sé orðinn þreyttur á því.

Til minnis: Rúna þurfti oft að flýja með Þráin úr vissum aðstæðum þegar hann var lítill. Þau eru á flóttu undan einhverjum sem hætta virðist stafa af.

Spurningar:

- a. Hvaða hugmyndir hefur Sýlvía um flóttu Rúnu og Þráins?
- b. Hvað heitir bátasmiðurinn?
- c. Hvað finnst Svandísi vandræðalegt þegar hún og Þráinn tala saman?

Svör:

- a. Sýlvíu dettur í hug að Rúna sé glæpakvendi eða að fyrrverandi eiginmaður hennar sé eltihrellir eða morðóður brjálæðingur.
- b. Bátasmiðurinn heitir Sigurður.

- c. Svandísi finnst vandræðalegt þegar Þráinn segir að hún sé skemmtileg, góð og sæt.

Sumarfrí

bls. 64

Eftir skólaslitin býður mamma vinarhópnum og fjölskyldum þeirra í veislu á kaffihúsinu.

Til minnis: Sylvía ætlar að fara strax til álfheima en Brjánn og Hrafnklukka verða áfram í mannheimum.

Spurningar:

- Hvernig gekk Hrafnklukku með námið?
- Hvað vill Arnór að Svandís geri fyrst hún er komin í sumarfrí?

Svör:

- Hrafnklukka náði nógu góðum árangri til að halda áfram upp í tíunda bekk.
- Arnóri finnst að Svandís geti leikið við sig alla daga fyrst hún þurfi ekki að fara í skólann.

Seinna - móðurást

bls. 67

Móðir hans hefur barist fyrir betra lífi fyrir þau mæðginin. Hún yfirgaf fjölskyldu og vini og fór burt með hann þegar hann var fimm ára. Hún vildi ekki að hann yrði heilaþveginn af yfirvöldum eins og önnur börn í samfélaginu.

Bón Hólaskottu

bls. 68

Brjánn og Svandís vinna saman á kaffihúsinu. Brjánn setti saman nýjan lagalista með kaffihúsið í huga. Sessa Hólaskotta kemur til Svandísar þegar hún er úti að þvo gluggana og heldur áfram að tala um verkefnið sem hún vill fá Svandísi til að leysa fyrir sig.

Til minnis: Þráinn sér ekki Sessu Hólaskottu.

Spurningar:

- Af hverju fannst Svandísi verkaskipting hennar og Brjáns ósanngjörn á kaffihúsinu?
- Af hverju getur Sessa ekki sótt kistilinn sjálf?

Svör:

- Mamma bað Svandísi um að þvo gluggana en Brjánn átti að fá að smakka á nýjum kökum.

- b. Sessa segir að álfar og huldufólk hati alla drauga nema Sigurfagra og hann fái að vera inni í álfheimum en ekki hún.

Ferðalagið

bls. 73

Práinn stingur upp á því að allur vinahópurinn gisti saman og Brján langar til að bjóða þeim að gista hjá sér þó að Sylvía sé farin til álfheima.

Svandís heimsækir ömmu sem stendur í stórbakstri. Þær Hrafnklukka segja ömmu frá áformunum um heimsóknina í álfheima og einnig frá bón Sessu Hólaskottu. Amma ráðleggur Svandísi að hunsu Sessu en samþykkir að hjálpa stelpunum að útskýra ferðalagið fyrir foreldrum Svandísar.

Til minnis: Amma á uppáhalds kaffibolla sem var gjöf frá æskuvinkonu hennar í álfheimum.

Spurningar:

- a. Af hverju dettur upp úr Svandísi orðtakið, „Oft kemur góður þá getið er en illur þá um er rætt?“
- b. Af hverju finnst Svandísi amma hljóma eins og Sessa á Hóli?

Svör:

- a. Svandísi finnst orðtakið passa vel við þar sem þau voru að rifja upp sögu um Hrafnklukku þegar hún kom inn á kaffihúsið.
- b. Amma er orðin þreytt eftir baksturinn, dæsir og kvartar yfir verkjum í bakinu. Það finnst Svandísi minna á nöldrið í Sessu.

Endur fyrir löngu - saga sveitarstúlku. III. hluti

bls. 80

Pabbi hennar gerir boð fyrir hana og færir henni þær fréttir að eiginmaður hennar eigi aðra fjölskyldu. Hún er sorgmædd því nú veit hún að hann kemur aldrei aftur.

Lásagras og dauðsmannshár

bls. 80

Svandís er úti á túni að gefa heimalningunum að drekka þegar Sessa Hólaskotta kemur til hennar. Hún segir Svandísi frá ævi sinni og samskiptum við mann sinn Sigurfagra. Hann er inni á Fjallskirkju ásamt áhöfn sinni af skipinu en uppi á tindinum er kistill Sessu falinn. Svandísi hryllir við þegar Sessa segir henni að til að opna kistilinn þurfi hún töfrajurtina lásagras og dauðsmannshár.

Til minnis: Í kringum Sessu Hólaskottu eru hrafnar.

Spurningar:

- a. Hverja telur Sessa vera vini sína.
- b. Af hverju getur Svandís ekki komist í gegnum Fjallskirkju og upp á tindinn?
- c. Hvenær er best að tína lásagras og hvar er það að finna?

Svör:

- a. Hrafnarnir eru nokkurs konar vinir Sessu og hún hefur félagsskap af þeim.
- b. Sigurfagur og menn hans eru draugar sem halda Fjallskirkju út af fyrir sig. Huldufólkið getur ekki einu sinni farið inn í sína eigin kirkju.
- c. Lásagras er best að tína þegar sól gengur í ljónsmerki en það vex hjá uppsprettulækjum þar sem jörð er góð.

Seinna - að tilheyra

bls. 85

Hann veltir fyrir sér hvað það þýði að tilheyra samfélagi. Hann og mamma hans hafa verið á flóttu í tíu ár. Hann rifjar upp stundina þegar þau lögðu í fyrsta skipti á flóttu.

Kossinn

bls. 87

Lára er komin til Svandísar og henni finnst Þráinn vera mjög sætur. Vinahópurinn fer eina kvöldstund upp að vatninu. Þau fara í leik sem heitir, aldrei hef ég aldrei. Svandís manar Þráin til að vaða út í vatnið með sér og þar kyssast þau. Lára verður fúl við Svandísi.

Til minnis: Þráni langar að segja Svandísi eitthvað.

Spurningar:

- a. Af hverju verður Lára vandræðaleg þegar hún hittir Þráin?
- b. Af hverju finnst Svandísi hún vera ein í heiminum og er döpur þegar hún snýr heimleiðis niður fjallið.

Svör:

- a. Lára finnst Þráinn vera fallegur og verður strax smá skotin í honum þegar hún sér hann.
- b. Lára virðist fúl við Svandísi fyrir að kyssa Þráin og fer til baka á undan henni.

Svandís gengur ein niður fjallið og á leiðinni dettur hún. Þar sem hún liggur finnst henni hún heyra hvísl sem breytist í illskulegan talkór. Hún hefur meitt sig á fæti og sendir Brjáni skilaboð. Sessa kemur til hennar og gefur henni áburð á fótinn. Brjánn hjálpar henni að komast til baka og segir við hana að það sé eitthvað sem tengi þau saman. Áður en vinirnir fara að sofa biður Þráinn Svandísi um að hitta sig næsta dag.

Til minnis: Svandís sér klett sem minnir á tröllkarl í rökkriinu.

Spurningar:

- a. Hverja telur þú ástæðuna fyrir pirringi Svandísar í garð Sessu Hólaskottu þegar hún býðst til að hjálpa henni?
- b. Hvað gerir Sessa til að hjálpa Svandísi?

Svör:

- a. Svandís var orðin niðurdregin áður en hún datt og meiddi sig. Mögulega lætur hún það bitna á Sessu.
- b. Sessa dregur upp lítið álbox, tínir jurtir upp af jörðinni og hnoðar þær saman við það sem er í álboxinu. Áburðinn ber hún á meidda fótinn. Hún gefur Svandísi afganginn af áburðinum og nokkur laufblöð sem hún segir Svandísi að tryggja áður en hún fer að sofa.

Leynilegt stefnumót

Heima hjá ömmu og afa er spilaður kani og Svandís reynir að finna afsökun fyrir því að fara og hitta Þráin á laun. Hún biður afa að taka við spilunum af sér og drífur sig út í skemmu að hitta Þráin. Hann segir henni að nú sé komið að því að hann og mamma hans fari en áður þurfi hann að segja henni dálítið. Hann segist vera hrifinn af henni en allt sé svo erfitt og flókið af því að hann og mamma hans séu skuggar.

Til minnis: Svandís tók þátt í að frelsa álfabörn úr haldi skugganna og þeim er því afar illa við hana.

Spurningar:

- a. Af hverju hefur Þráinn enga trú á því að huldufólkið muni ekki hefna sín?

- b. Hvað sér pabbi Svandísar þegar hann lítur inn um skemmugluggann?

Svör:

- a. Huldufólk og skuggar eiga í stríði og Þráinn segir að þá sé allt leyfilegt.
b. Þegar pabbi Svandísar lítur inn um gluggann sér hann Svandísi og Þráin í faðmlögum.

Endur fyrir löngu - saga sveitarstúlku. IV. hluti

bls. 103

Sýslumaður og hreppstjóri eru komnir til að bera hana út af sínu eigin heimili en hún setur upp gjörning til að hræða þá. Hún setur haus af dauðri kind á höfuðið svo að blóðið lekur niður enni og kinnar. Hún fer með særingar og dansar eins og óð sé og fælir þá þannig á brott.

Lillaputtaloforð

bls. 104

Svandís segir Láru allt af léttu varðandi Þráin og mömmu hans. Hún segir henni líka frá flóknum tilfinningum sínum gagnvart Þráni og Brjáni. Stelpurnar sættast og verða aftur vinkonur. Þær taka til við að pakka fyrir ferðina til álfheima en gera sér ekki grein fyrir hvað þær þurfi af fötum. Lára minnir Svandísi á töfrahlutina úr álfheimum og þær skoða líka gamla dótið sem var í kistunni.

Til minnis: Svandís er að semja lag sem byrjar á fuglahljóðum en færist síðan yfir í draugalegan kafla um baráttu góðs og ills. Lagið endar síðan á stafi hins góða.

Svandís tekur hrafnsteinana og klútinn sem lýsir með til álfheima.

Spurningar:

- a. Hvaða skýringu gefur Lára á því hvað hún varð fúl þegar Svandís kyssti Þráin?
b. Af hverju hefur Svandís ekki sagt mömmu sinni og pabba frá álfheimum?
c. Hverju klæðast Svandís og Lára til að líkja eftir sveitastúlku frá því í gamla daga og Sessu Hólaskottu.

Svör:

- a. Láru fannst góð hugmynd að þær ættu báðar kærasta í vinahópnum.
b. Svandís hefur ekki fundið hentugan tíma til að kollvarpa heimssýn foreldra sinna. Hún telur að það sé ekki auðvelt fyrir venjulegt fólk að komast að því að til séu annars konar víddir.

- c. Lára klæðir sig í skósítt, svart pils og setur á sig ullarsjal og stakan úþrjónaðan vettling en Svandís setur ullarpeysu yfir höfuðið eins og slæðu.

Heiðursgestur hátíðarinnar

bls. 108

Svandís, Lára og Hrafnklukka fara með Kalla og Sóldísi til álfheima. Mamma og pabbi Svandísar standa í þeirri trú að þau séu að fara í ferðalag um landið þegar þau keyra af stað í gömlum fornbíl. Bíllinn fer aftur á móti aftur inn í geymslu og þau ganga upp að vatni. Á leiðinni hittir Svandís Sessu sem segist vera að gæta hennar og spyr hvort hún sé ekki örugglega með áburðinn sem hún gaf henni. Kalli bendir samferðarfólki sínu á rústir af Hóli þar sem Sessa bjó og segir þeim svolítið frá sögu Sessu eða Sesselíu Hróbjartsdóttur eins og hún hét fullu nafni. Hún átti erfiða ævi allt til dauðadags. Þegar hópurinn kemur upp að vatni tekur móttökunefnd á móti þeim með Drífu álfadrottningu fremsta í flokki.

Til minnis: Sigurfagur hét í raun Sigurður en var alltaf kallaður Sigurfagur eins og skipið hans var nefnt. Sessa endaði sem niðursetningur en það er þegar fólki, sem ekki gat séð fyrir sér, var komið fyrir hjá ókunnugum.

Spurningar:

- Hvað var talið hafa grandað skipi Sigurfagurs?
- Hvernig kom fólk fram við Sessu á síðustu ævidögum hennar?
- Hver fær að stíga fyrst um borð í bátinn sem siglir með þau til álfheima og af hverju?

Svör:

- Talið var að skipið hafi farist af völdum Sessu og galdrakunnáttu hennar.
- Fólk kom ekki vel fram við Sessu. Það grýtti hana og kallaði ókvæðisorð til hennar.
- Svandísi er boðið að stíga um borð í bátinn á undan öðrum þar sem hún er heiðursgesturinn á sumarsólstöðuhátíðinni.

Endur fyrir löngu - saga sveitarstúlku. V. hluti

bls. 114

Saga sveitastúlku er saga Sessu Hólaskottu. Sýslumaður sakar hana um að viðhafa galdra til að granda Sigurfögurum og skipsfélögum hans. Sesselía neitar þessu og reynir að útskýra að gjörningurinn hafi verið gerður í þeim tilgangi að koma honum og hreppstjóranum burt.

Konunglegar móttökur

bls. 115

Fjórir ræðarar með rauðar húfur stýra pramma sem siglir með hópinn til álfheima. Prúðbúið fólk tekur á móti þeim og hljóðfæraleikarar leika á gamaldags hljóðfæri. Svandísi líður undarlega þegar hún veifar fólkinu og gengur eftir rauðum dregli upp að kastaladyrum. Svandís og Lára hitta foreldra Brjáns og Sylvíu og einnig foreldra Hrafnklukku.

Til minnis: Svandís og Lára gista í fyrrum svefnsal Kalla og Sóldísar. Það fer virkilega vel um þær þar.

Spurningar:

- a. Hvernig kemst hópinn inn í álfheima og hvernig fór Svandís þangað inn síðasta vetur?
- b. Hvað heita foreldrar Brjáns og Sylvíu?
- c. Hvað heita foreldrar Hrafnklukku?

Svör:

- a. Fjallið opnast fyrir framan hópinn sem siglir á pramma í gegn. Síðasta vetur fór Svandís á bak nykri sem synti með hana ofan í vatnið og inn í fjallið.
- b. Steinn og Lóa.
- c. Björt og Goði.

Dropadýrð

bls. 121

Hrafnklukka fer í skoðunarferð með Svandísi og Láru um álfheima. Á torgi í miðju álfheima eru sölubásar og veitingastaðir og þar er samkomustaður huldufólksins. Þegar fréttist af Svandísi á staðnum flykkist fólk að til að heilsa henni. Stelpurnar fara einnig inn dimman gang sem minnir á þröngt húsasund. Þar í stóru, drungalegu húsi er inngangur að dropasteinshellinum Dropadýrð og þar er einnig inngangur að Fjallskirkju. Nokkrir menn í vinnugöllum fylgjast með þeim og Hrafnklukka kynnir Starra og félagi hans fyrir stelpunum en þeir gæta helgidómsins. Stelpurnar fara inn í Dropadýrð og skoða þennan magnaða dropasteinshelli. Þegar þær koma til baka bíða þeirra þrjú kjólar til að klæðast um kvöldið.

Til minnis: Enginn hefur komist inn í Fjallskirkju í mörg ár.

Spurningar:

- a. Hvað er nýtt á torginu í álfheimum frá vetrinum áður?
- b. Hvað kallar litla stúlkan Svandísi og af hverju?

- c. Hvernig vita stelpurnar hvaða kjóll er ætlaður hverri þeirra?

Svör:

- a. Nú stendur stytta af konungshjónunum á miðju torgsins en áður stóð þar stytta af Skugga.
- b. Litla stúlkan kallar hana svandísina sína af því að hún bjargaði henni og fleiri álfabörnum síðasta vetur úr fangaklefum skugganna.
- c. Fylgihlutir kjólanna gefa til kynna hver á að fá hvaða kjól. Með kjóli Svandísar fylgir hálsmen með mynd af svani. Hrafn úr silfri hangir í hálsmeni Hrafnklukku og Lára fær finlega perlufesti.

Seinna - óvissa

bls. 128

Hann veltir fyrir sér hvort þau verði látin dása þarna endalaust og óttast að þau verði framseld til skuggasamfélagsins. Hann segir frá því að tvisvar sinnum hafi munað litlu að Skuggi næði þeim. Í seinna skiptið hafi hann áttað sig og spurt mömmu sína hvort Skuggi væri pabbi hans. Svik Rúnu við skuggasamfélagið eru margföld þar sem hann er sonur höfðingja skuggafólksins.

Sumarsólstöður

bls. 129

Sumarsólstöðuhátíðin hefst formlega á veglegu matarboði sem Svandísi finnst líkjast stóru ættarmóti eða sumarbrúðkaupi. Hluti af matnum er kunnuglegur og líkist því sem stelpurnar eru vanar að borða en síðan er boðið upp á framandlega rétti sem Svandís þorir varla að smakka á. Eftir matinn fer fólk út á gólfíð og dansar eftir seiðmagnaðri tónlist. Svandís sogast inn í dansinn og veit ekki af sér í einhvern tíma. Hún rankar við sér liggjandi á gólfinu eftir að dansinum lýkur. Hún svipast um eftir vinum sínum en hittir Fjólu og Rafn bekkjarsystkin sín og það kemur í ljós að þau eru líka álfar.

Til minnis: Dansinn sem Svandís tók þátt í er talinn heilagur í álfasamfélaginu og einungis stiginn á hátíðum.

Spurningar:

- a. Hvaða matur er kunnuglegur á hlaðborði álfanna?
- b. Hvers konar matur er nýstárlegur í augum Svandísar?
- c. Hverju velta Lára og Svandís fyrir sér varðandi það sem Drífa sagði í ræðunni?

Svör:

- a. Á hlaðborðinu má finna gamaldags íslenskan mat eins og sviðasultu, hangikjöt og slátur.
- b. Bleik skál er full af kuðungum og dökkgræn kássa er í gulri skál. Á margra hæða fati eru bláleitar bollur.
- c. Lára og Svandís velta því fyrir sér hvort það séu uppi áform um að ná börnum skugganna og hefna þannig fyrir það sem skuggarnir gerðu.

Sólarupprás

bls. 133

Álfasamfélagið er komið út og bíður eftir sólarupprásinni. Fólki hefur komið sér fyrir í móunum með teppi yfir sér. Brjann sest þétt við Svandísi og breiðir teppi yfir þau. Svandís sofna og dreymir að hún sé komin að Hóli og horfi upp á hrukkótt og gamalt andlit Sessu. Andlit Sessu breytist í andlit ungrar stúlku og með sorg í augum minnir hún Svandísi á loforðið. Huldun sem er æðsti trúarleiðtogi huldufólksins blæs í risastórt dýrhorn og bíður álfasamfélaginu blessunar. Eftir sólarupprás streymir fólki allsnakið út í vatnið til að baða sig en Svandísi og Lára líst ekki vel á að taka þátt og fara til baka til álfheima.

Til minnis: Inni í salnum hjá stelpunum er köttur sem líkist Skemmukisa sem hjálpaði krökkunum í fyrra ævintýri.

Spurningar:

- a. Hvernig lítur huldun út og hver er hún?
- b. Hvernig bregst huldufólkið við þegar huldun hefur blásið í hornið samfélaginu til blessunar?

Svör:

- a. Huldun er gömul, krumpuð kona með snjóhvítt hár. Hún er æðsti trúarleiðtogi meðal huldufólksins.
- b. Það er misjafnt hvernig fólki bregst við. Einhverjir signa sig á kristinn máta, aðrir fara niður á hnén í eins konar tilbeiðslustellingu. Enn aðrir gráta eða dansa.

Endur fyrir löngu - saga sveitarstúlku. VI. hluti

bls. 137

Sessa syrgir Sigurfagra en um leið upplifir hún andstyggilegar tilfinningar í garð konunnar sem hann tók sér í hennar stað. Nú fær sú kona einnig að þjást af sorg. Fólkið í sveitinni trúir því að

Sessa hafi komið óveðrinu af stað með göldrum sem grandaði skipi Sigurfagurs. Sessa fór ekki að minningarathöfninni en hélt sína eigin athöfn uppi við vatnið.

Ískaldur sannleikur

bls. 139

Kisi vekur Svandísi með mjálmi og hún fer fram úr til að finna eitthvað handa honum að éta. Þegar hún ætlar að klappa kisa bítur hann hana til blóðs. Svandís leitar að plástri og kattarmat í skápunum í eldhúskróknum. Þegar hún gramsar í stórum ruslaskáp koma leynigöng í ljós. Hún flýttir sér að loka skápunum og ákveður að segja stelpunum ekki strax frá göngunum. Hrafnklukka drífur þær af stað til að skoða íshelli sem er í útjaðri álfheima. Inni í hellinum verða þær varar við skugga og Svandís sér eitthvað undarlegt þegar hún fellur niður í sprungu.

Til minnis: Stelpurnar heyra skuggana tala um Jónsmessu og að frelsa einhverja.

Spurningar:

- Hver gróf leynigöngin og hver var tilgangurinn?
- Hvernig komast stelpurnar inn í íshellinn?
- Hvernig er umhorfs í íshellinum?

Svör:

- Kalli, frændi Svandísar og afi Hrafnklukku, hefur líklegast grafið leynigöngin til að nýta sem neyðarútgang á meðan Skuggi ríkti yfir álfunum.
- Stelpurnar þróa fyrst upp á grjóthrúgu og fíkra sig upp á hana. Síðan hoppa þær yfir á klettasyllu í hamrinum. Þær fíkra sig eftir syllunni og síðan í gegnum op sem liggur inn í íshellinn.
- Í íshellinum er að finna óteljandi litatóna. Ískristallar og ísbreiður hlykkjast í sveigjum og beygjum upp um veggi og gólf. Það er eins og einhverjir hafi hoggið listaverk úr ísnum.

Heimur á hvolfi

bls. 145

Um kvöldið er komið að næsta matarboði með konunglegu álfafjölskyldunni. Svandísi verkjar í líkamann eftir byltuna í íshellinum og hendurnar eru rispaðar. Söngkona í silfruðum síðkjól spilar á hörpu og syngur. Dansarar í hvítum fötum dansa um allan salinn og seiðandi söngurinn dregur Svandísi út á dansgólfið. Hún dáleiðist í dansinum og veit ekki af sér fyrr en hún vaknar í hliðarsal og horfir upp til Brjáns. Svandís litast um í höllinni og rambar óvart inn í svefnherbergi Drífu. Hún heyrir á tal huldufólks sem segist hafa allt í hendi sér þar sem það

hafi náð Rúnu, fyrrverandi foringjafrú skuggafólksins og Þráni, syni Skugga. Svandísi bregður við að heyra að það hafi verið Brjann sem sagði til þeirra.

Til minnis: Inni í herbergi Drífu er hvít dúfa í gylltu fuglabúri.

Spurningar:

- a. Af hverju spyr Svandís Brján að því hvar klósettið sé?
- b. Af hverju finnst Svandísi að heimurinn hafi hrunið og það sem áður var gott sé það ekki lengur?

Svör:

- a. Brjann kyssir Svandísi og til að forðast aðstæðurnar spyr hún hvar hún finni klósett.
- b. Eftir að Svandís heyrir að huldufólkið hafi Rúnu og Þráin í haldi finnst henni það ekkert betra en skuggarnir. Henni finnst hún ekki geta treyst neinum og upplifir að vinir hennar séu líka svikarar.

Seinna - lok

bls. 151

Það er hans vegna sem huldufólkið náði honum og mömmu hans. Hann vildi ná að tala við Svandísi og bað mömmu um að bíða. Þau þurftu að velja milli huldufólks og skugga því öðru megin stóð Drífa með herlið sitt og hinum megin fylking skugga. Báðir hópar voru tilbúnir að góma þau.

Leynigöngin

bls. 152

Svandís getur ekki sofð og hugsar um svik Brjáns og hefnd huldufólksins. Hún finnur til í fætinum og man eftir áburðinum sem Sessa gaf henni. Hún sækir tinboxið í bakpokann sinn og opnar það. Þar er ekki einungis áburðurinn heldur líka hvítur silkipoki með hárflettu Sessu og svartur satínpoki. Með þessu hafði Sessu tekist að koma hlutunum til hennar. Svandís ákveður að skoða leynigöngin betur og kemst að því að þau liggja út á torgið. Hrafnklukka og Lára elta Svandísi í gegnum göngin og þegar þær eru komnar til baka segir Svandís þeim allt sem hún veit. Saman ákveða þær að frelsa Þráin og Rúnu.

Til minnis: Inni í herbergi Drífu er hvít dúfa í gylltu fuglabúri.

Spurningar:

- a. Af hverju skiptir Svandís um skoðun varðandi verkefnið sem Sessa bað hana að leysa?
- b. Af hverju finnst Svandísi þungu fargi af sér létt þegar vinkonur hennar koma á eftir henni gegnum göngin?

Svör:

- a. Eftir að Svandís komst að því að huldufólkið á sínar skuggahliðar og skuggafólk á góðar hliðar langar hana að vita hvað draugaliðið hefur um þetta allt að segja.
- b. Svandís þarf á Láru og Hrafnklukku að halda í þeim verkefnum sem fram undan eru. Henni líður miklu betur þegar hún hefur sagt vinkonum sínum allt af léttu.

Verkefnið fram undan

bls. 157

Sylvía segir stelpunum frá því að huldufólkið hafi Rúnu og Þráin í haldi. Hún segir þeim að skuggar og álfar geti aldrei orðið vinir. Skuggarnir kúguðu huldufólkið árum saman og þannig megi það aldrei verða aftur. Sylvía segir þeim að þau Brjánn geti ekki blandað sér í málið en gefur í skyn að það gildi hins vegar ekki um þær. Svandís er sannfærð um að Sessa hjálpi þeim að frelsa Rúnu og Þráin ef hún sækir kistilin fyrir hana.

Til minnis: Fram undan er Jónsmessunótt og þá fer huldufólk út að tína jurtir og leita að náttúrusteinum.

Spurningar:

- a. Hvernig bregst Hrafnklukka við þegar Sylvía segir henni frá því að Rúna og Þráin séu í haldi?
- b. Af hverju tókst Steini og Goða ekki að ná Þráni uppi við vatnið?

Svör:

- a. Hrafnklukka verður reið og segir að enginn eigi að þurfa að dúsa í fangaklefum sem eru hvorki staðir fyrir börn né fullorðna.
- b. Það voru einhverjar hindranir sem tengjast draugum og hröfnum. Sessa Hólaskotta og hrafnarnir hennar stoppuðu þá.

Töfrajurtir á Jónsmessunótt

bls. 160

Huldufólkið er komið út úr álfheimum og dreifir sér um hliðar fjallsins og víðar um dalinn og tínir jurtir. Hrafnklukka fer til að kanna hvar þær geti fundið lásagras en það er töfrajurtin sem

þær þurfa til að opna kistil Sessu. Kalli hafði gefið þeim upplýsingar um draugana og sagði þá afspyrnu leiðinlegar skepnur. Mórar og skottur fylgja ættum eða ákveðnum stöðum en síðan séu líka til afturgöngur, uppvakningar og fleiri tegundir af draugum.

Ragnar gefur Svandísi náttúrustein til varnar mót öllu illu. Hann hvíslar að Svandísi að hann viti hvar Rúnu og Þráni sé haldið og að hann geri ráð fyrir að hún ætli að reyna að frelsa þau. Hann segir henni að fangaklefinn sé inn af svefnherbergi Drífu.

Fjóla gefur stelpunum brönugrös sem þær eiga að setja undir koddana um nóttina og þá dreymir þær mögulega verðandi kærasta. Hún spyr Svandísi hvort hún komi ekki með í morgunbaðið á Jónsmessumorgun. Svandísi finnst ekki góð hugmynd að velta sér nakin innan um ókunnugt fólk.

Til minnis: Samkvæmt Kalla eru draugar frekir og fylgjarnir og alltaf eitthvað vælandi og kvartandi. Þeir eru sjálfumgláðir og elska að tala um sjálfa sig. Einnig eru þeir hrokafullir og vilja stjórna öllu í kringum sig. Ef þeir ná því ekki með góðu nýta þeir bellibrögð og hræðsluáróður.

Spurningar:

- a. Hvernig segir Kalli að best sé að ná til drauganna?
- b. Hvað segir Fjóla að sé svona merkilegt við morgunbaðið á Jónsmessumorgni?

Svör:

- a. Kalli segir að best sé að segja þeim til syndanna og svara þeim fullum hálsi. Það lækki í þeim rostann.
- b. Fjóla segir að morgunbaðið á Jónsmessumorgni hafi lækningarmátt og gefi manni orku fyrir næsta ár.

Endur fyrir löngu - saga sveitarstúlku. VII. hluti **bls. 164**

Sessa finnur að hún getur ekki lengur búið ein á Hóli. Hún er orðin gömul og ræður ekki lengur við búskapinn. Hún fer til sýslumannsins sem skilur ákallið og býður hana velkomna. Það skal verða skylda fólks að hýsa Sessu í nokkra mánuði í senn.

Sigurfagur **bls. 165**

Svandís fer af stað um leið og Hrafnklukka og Lára eru búnar að lokka Starra og félagá hans út úr húsasundinu. Undir öðrum handakrikanum ber hún hvíta silkipokann. Til viðbótar við hárið

á Sessu er nú í pokaum lásagrasíð, lítið blátt blóm á gulum stöngli. Einn af hröfnum Sessu kemur og er henni samferða inn í Fjallskirkju sem er eitt fegursta náttúruundur veraldar. Bogadreginn stuðlabergsveggur lokar öðrum enda salarins. Fyrir miðju steypist foss niður og fjórir regnbogar mynda litríkt þak.

Svandís heyrir barnsgrát frá fossinum sem breytist síðan í tryllingslegan hlátur. Salurinn verður að veltandi skipi úti á stórsjó og hún heldur sér óttaslegin í borðstokkinn til að steypast ekki ofan í dimman sjóinn. Þegar storminn lægir gerir Svandís tilraun til að fara að tröppunum og upp í turninn en þá ganga fjórir menn út úr fossinum og í veg fyrir hana. Einn þeirra er vinnumaðurinn á bæ Brjáns og Sylvíu, bátasmiðurinn Sigurður eða öðru nafni Sigurfagur sægarpur og kvennagull.

Til minnis: Lásagras með dauðsmannshári opnar alla lása og læstar dyr. Svandís er líka með hrafnssteina sem hafa þá eiginleika að ef þeir eru settir undir tungu skilur maður og talar fuglamál. Þeir geta einnig opnað læstar dyr en ekki þær sem læstar hafa verið með göldrum.

Spurningar:

- a. Hvað var það sem Svandís upplifði í gegnum sjónhverfingar drauganna?
- b. Af hverju eru draugarnir svona reiðir við Sessu Hólaskottu?

Svör:

- a. Sjónhverfingarnar sem draugarnir settu á svið voru um þann atburð þegar hafið tætti bát Sigurfagurs í sundur.
- b. Draugarnir telja að hefnd Sessu hafi kallað þetta auma líf yfir þá og einnig yfir hana sjálfa.

Draugagangur í kirkjunni

bls. 171

Draugurinn Sigurfagur er öskureiður og nálgast Svandísi ógnandi. Hrafnar Sessu koma til bjargar og halda draugunum uppteknum á meðan Svandís hleypur upp tröppurnar. Þegar hún er komin áleiðis opnast klettasylla út úr fjallinu. Þar nær Sigurfagur Svandísi og reynir að kasta henni niður klettana. Hrafn Sessu kemur til bjargar og hún losnar frá Sigurfögnum og hleypur áfram upp á topp á tindinum. Hún finnur klett sem umbreytist í kistil Sessu þegar hún nálgast hann og hún setur innihald kistilsins ofan í poka. Þegar hún fer niður byrjar brjálæðið á nýjan leik en henni tekst á endanum að komast út úr Fjallskirkju.

Spurningar:

- a. Hverju heldur Sigurfagur að Sessa hafi lofað Svandísi í skiptum fyrir innihald kistilsins?
- b. Hver býður eftir Svandísi og hjálpar henni þegar hún kemur út úr Fjallskirkju?

Svör:

- a. Sigurfagur spyr Svandísi hvort Sessa hafi lofað henni gulli eða eilífð í ríki drauganna.
- b. Lára kemur Svandísi til hjálpar.

Endur fyrir löngu - saga sveitarstúlku. VIII. hluti

bls. 175

Sessa er orðin gömul kona og henni hefur verið komið fyrir hjá presthjónum. Þar líður henni nokkuð vel og vinnur þau bústörf sem hún ræður við. Hún fær að fara með matarafganga upp í brekkuna fyrir ofan bæinn til að gefa hröfnunum.

Bað í morgundögginni

bls. 176

Sylvía og Fjóla koma til stelpnanna og Fjóla spyr hvort þær hafi dreymt eitthvað eða einhvern um nóttina. Stelpurnar höfðu ekki sett brönugrösin undir koddana og lítið sofið svo að þær segjast ekki hafa dreymt neitt. Sylvía gefur í skyn að Fjóla sé skotin í Brjáni.

Nú er komið að morgunbaði á Jónsmessumorgni og huldufólkið ferðast með prömmunum yfir í dalinn. Þar fara konur á stað sem kallast Fljóð en karlmenn á stað sem kallast Gumar. Stelpurnar hátta sig og velta sér um kalda og blauta jörðina. Huldun tilkynnir að nú hafi þær skolað af sér drungann og losnað við neikvæða orku. Einnig hafi þær fyllt sig af kærleika og jákvæðni.

Brjann talar við Svandísi og segir henni að það hafi ekki verið viljandi sem hann sagði til Þráins. Hann er miður sín og hvíslar að henni að hún verði að frelsa Rúnu og Þráin.

Til minnis: Huldun er æðsti trúarleiðtogi huldufólksins. Fljóð er íslenskt orð yfir konur og gumar yfir menn.

Spurningar:

- a. Hvern segist Hrafnklucca hafa dreymt og af hverju sagði hún það?
- b. Hvernig komst pabbi Brjáns að því að Þráinn væri skuggi?

Svör:

- a. Hrafnklucca stríðir Fjólu en er líka að benda á að ekki eru allar stelpur að láta sig dreyma um verðandi kærasta. Þær geta líka dreymt um verðandi kærustur eða engan.

- b. Brjáni var farið að gruna að Þráinn væri skuggi og spurði þabba sinn hvort það gæti verið einhverjir skuggar í skólanum. Þabbinn spurði spurninga á móti og áttaði sig þá á því hver Þráinn væri. Brjánn náði síðan ekki að vara Þráin við.

Dagbók Sessu

bls. 182

Svandís fær skilaboð í draumi frá Sessu sem segir henni að skoða vandlega dótið sem var í kistlinum. Hún segir henni einnig að tala við dúfuna sem muni vísa henni veginn.

Í kistlinum voru tvö box, stálhólkur og rytjuleg bók. Lára er búin að fletta í bókinni sem er dagbók Sessu. Þær lesa um vangaveltur og örlög Sessu í gegnum dagbókarskrif hennar. Í stærra boxinu eru hlutir sem hafa skipt Sessu miklu máli og þar neðst er útprjónaður ullarvettlingur sem passar á móti þeim sem Svandís er með heima hjá sér. Í álhólknum er landakort með leiðbeiningum um hvar bein Sessu eru að finna. Í minna boxinu eru lítill glerglös og krukkur. Boxið er gjöf handa þeim sem sækir dót Sessu í kistilinn.

Sóldís, amma Hrafnklukku, færir stelpunum ný föt fyrir aðal hátíðarkvöldið. Svandís og Lára fá blómakjóra en Hrafnklukka fær grænan samfesting.

Til minnis: Sessa minnir Svandísi á að erindinu hennar sé ekki lokið.

Spurningar:

- a. Hver átti útprjónaða vettlinginn, pilsíð og sjalið sem Svandís er með heima hjá sér?
- b. Af hverju fer Svandís að hlæja þegar Lára segir henni að það sé í rauninni ekkert plan fyrir kvöldið?

Svör:

- a. Pilsíð, sjalið og vettlingurinn voru eigur Sessu.
- b. Svandísi finnst fyndið að Lára og Hrafnklukka hafi eytt öllum deginum í að skipuleggja ekkert.

Endur fyrir löngu - saga sveitarstúlku. IX. hluti

bls. 188

Tíminn er kominn og Sessa leggur upp í sína hinstu för. Líkaminn hefur gefist upp og andinn líka. Hreppsnefndin hefur kveðið upp þann dóm að líkamsleyfar Sessu fái ekki að hvíla í vígðri mold í kirkjugarðinum. Sessa er búin að velja staðinn þar sem hún ætlar að kveðja þetta líf.

Dúfa í gullbúri

bls. 190

Komið er að síðasta kvöldinu í álfheimum og Svandís er spennt yfir verkefninu fram undan en það er að freista þess að frelsa Rúnu og Þráin. Glæsileg veisla er haldin í álfheimum og Drífa heldur ræðu um að nú sé tími huldufólksins loksins upp runninn. Nú muni það ná að reka náðarhöggið á fyrrum kúgara álfheima og ná hefndum. Svandís túlkar orð Drífu á þann veg að hún ætli að drepa Þráin. Eftir matinn fá krakkarnir að fara inn í herbergi Sylvíu. Svandís, Lára og Hrafnklučka leggja af stað til að frelsa Þráin og Rúnu.

Til minnis: Svandís er í ullarslánni og vösunum eru hrafnsteinarnir, vasaklúturinn sem lýsir og dagbók Sessu.

Spurningar:

- a. Hvar eru mæðginin falin og hvernig fer Svandís að því að hleypa þeim út?
- b. Hvernig komast þau út úr álfheimum og hvert fara þau síðan?
- c. Hver er afsökun stelpnanna fyrir því að fara heim úr veislunni?

Svör:

- a. Rúna og Þráin eru falin í leyniherbergi á bak við spegil í herbergi drottningar. Dúfan hjálpar Svandísi og hún getur hleypt henni út af því að hún er með lásagrasíð og dauðsmannshárið í handarkrikanum.
- b. Hrafn Sessu kemur til hjálpar og vísar þeim veginn út að torginu. Leið Svandísar, Láru og Þráins er í gegnum Fjallskirkju en Lára og Hrafnklučka fara til baka í svefnsalinn.
- c. Afsökunin er sú að Svandís hafi fengið magakveisu og hafi þurft að fara til að hvíla sig.

Hundrað ára ástarsorg

bls. 195

Inni í Fjallskirkju taka draugarnir á móti Svandísi og mæðginunum. Sigurfagur er reiður og reynir að hræða þau með djöfulganginum eins og áður. Svandís segir honum frá dagbók Sessu og lokakaflanum þar sem hún vill sættast við Sigurfagra. Hún biður Sigurfagra um að hjálpa þeim að komast út í gegnum Fjallskirkju. Svandís kemur mæðginunum út en fer sjálf til baka. Hún rétt nær að komast upp í rúm og leika sjúkling áður en Sóldís sviptir upp sænginni til að athuga með hana.

Til minnis: Sóldís útskýrir fyrir stelpunum að rósabollarnir, eins og sá sem amma Svandísar á, séu handmálaðir af einum mesta listamanni sem álfheimar hafi alið.

Spurningar:

- a. Hvernig fær Svandís Sigurfagra til að samþykkja að hjálpa þeim og sættast við Sessu?
- b. Hver tilkynnti að búið væri að hleypa föngunum út?

Svör:

- a. Svandís les fyrir Sigurfagra síðasta kaflann úr dagbókinni þar sem eru skilaboð til Sigurfagurs og beiðni um fyrirgefningu.
- b. Dúfan tilkynnti Drífu að búið væri að hleypa föngunum út.

Fjallskirkja

bls. 201

Kalli kemur til stelpnanna og segir þeim að flýja. Það sé búið að komast upp um svikin og hverjir svikararnir séu. Hann segir þeim að fara sömu leið og mæðginin í gegnum Fjallskirkju. Starri og félagar hans reyna að varna þeim inngöngu en Sessa og hrafnar hennar afvegaleiða þá og á meðan skjótast stelpurnar inn í Fjallskirkju. Sigurfagur samþykkir að hjálpa þeim út og þær leggja af stað niður hlíðina í átt að vatninu.

Til minnis: Fjallskirkja er fallegasti staður sem stelpurnar hafa komið á.

Spurningar:

- a. Hverju segjast stelpurnar hafa týnt inni í Dropadýrð til að fá Starra til að hleypa þeim inn?
- b. Hvar fara stelpurnar út úr Fjallskirkju?

Svör:

- a. Hrafnklucca segir að Svandís hafi týnt verðmætu hálsmeni sem sé erfðagripur.
- b. Stelpurnar fara út á syllunni þar sem Sigurfagur réðst að Svandísi.

Andlit í ísnum

bls. 206

Á leiðinni niður fjallið spyr Svandís Hrafnkluccu hvað hún og Starri hafi séð inni í íshellinum. Þau sáu eitthvað hreyfast á bak við ísinn eins og einhverjum væri haldið þar inni. Svandís sá líka eitthvað undarlegt inni í íshellinum og heldur að það hafi verið andlit sem hún sá í gegnum þykkan ísinn.

Kalli hafði látið Hrafnkluccu hafa nesti sem þær gæða sér á. Þær reyna að fara aðra leið en þær eru vanar til að vera sem lengst frá vatninu. Þær vita ekki að þær eru nálægt byggð skugganna sem ná Svandísi og taka hana höndum og binda fasta. Björg fyrrum skólastjóri og

aðstoðarmaður Skugga segir henni að huldufólkið hafi náð Rúnu og Þráni á flóttanum. Skuggi og Björg leggja á ráðin um að fá skipt á Svandísi og Þráni.

Til minnis: Björg og Sveinn eru dyggustu aðstoðarmenn Skugga. Þau koma við sögu í fyrri bókinni, ÓGN, ráðgátan um Dísar-Svan.

Spurningar:

- a. Hvað gera Lára og Hrafnklukka þegar skuggarnir ná Svandísi?
- b. Hvað einkennir Björgu og Svein?

Svör:

- a. Lára og Hrafnklukka hlaupa af stað til að sækja hjálp.
- b. Björg er alltaf klædd í grá föt og með hnút í hnakkanum. Sveinn er með grátt, sítt skegg niður á maga. Hann er auðþekktur á svarta hattinum og frakkanum.

Hefnd huldufólksins

bls. 211

Drífa er æf af hefndarþorsta og ætlar að láta drepa Þráin fyrir framan augun á Skugga. Með því ætlar hún að hefna fyrir það að Skuggi drap Kormák álfakonung. Skuggi spyr Drífu hvernig hún geti sannað að hann hafi drepið Kormák þar sem líkið hafi aldrei fundist.

Kynjaskepnur skugganna ráðast á skepnur huldufólksins en bardaginn tekur óvænta stefnu þegar tugir hrafna skerast í leikinn. Sessa, Sigurfagur og áhöfnin hans standa ásamt Kalla og Ragnari utan við bardagann og reyna að stöðva hann. Ragnar sækir Rúnu og Þráin og fer með þau burt. Kalli hleypur af stað til að ná í Svandísi en þá er henni kippt upp á hest Drífu sem ríður með hana af stað.

Amma er sú sem nær að róa Drífu en Hrafnklukka og Lára sóttu hana þegar skuggarnir náðu Svandísi. Í sameiningu ná þau að afstýra bardaganum og koma öllum til síns heima.

Spurningar:

- a. Hvernig nær amma að róa Drífu?
- b. Af hverju fara stelpurnar ekki beint heim eftir að bardaganum lýkur?

Svör:

- a. Amma segir við Drífu að hún skilji hana og reiði hennar en hún hafi treyst henni fyrir barnabarni sínu og undir því trausti verði Drífa að standa.
- b. Stelpurnar fara ekki heim af því að það er eitt verkefni sem bíður og því þarf að ljúka áður en þær fara heim.

Bein Sessu

bls. 215

Við bæjarrústirnar á Hóli fer fram undarlegur fundur þegar amma hjálpar Sessu, Sigurfögurum og sjómönnunum hans að finna ró og svífa inn í eilífðina. Fyrst sættast Sessa og Sigurfagur og það þurfa þau að gera til að ná friðsæld.

Þegar draugarnir eru allir horfnir yfir í sumarlandið leita stelpurnar að líkamsleifum Sessu og finna hellinn þar sem bein hennar liggja.

Til minnis: Sjómennirnir hans Sigurfagurs heita; Patrekur kallaður Popp, Hallgrímur kallaður Hopp og Skarphéðinn kallaður Skopp.

Spurningar:

- a. Hvaða munir voru við hliðina á beinum Sessu?
- b. Af hverju stöðvar Lára Svandísi þegar hún ætlar að taka bein Sessu?

Svör:

- a. Biblía og silfurkross.
- b. Lára segir við Svandísi að það sé ekki þeirra að hrófla við beinunum. Það þurfi einhver fullorðinn að gera það.

Sögulok eða ný ævintýri

bls. 221

Bein Sessu eru borin til grafar og hún fær nú að hvíla í kirkjugarðinum við hliðina á gröf Sigurfagurs. Vinirnir bera kistuna og undir útgöngunni hljómar lagið hennar Svandísar. Erfidrykkjan er haldin á kaffihúsinu.

Amma og Svandís sögðu mömmu allan sannleikann og hún er smám saman að meðtaka sannindin um aðra heima en raunheima.

Sigurfagur gaf Svandísi gjöf en það var nýr árabátur handa afa í stað þess sem brann síðasta vetur. Afí telur að sá sem var valdur að brunanum hafi friðað samviskuna með því að senda honum nýjan bát.

Hrafnklukka er sannfærð um að Kormákur sé á lífi og sé inni í íshellinum.

Spurningar:

- a. Hvað er í kistunni fyrir utan bein Sessu?
- b. Hvað setur Svandís á blómaskreytinguna sem táknræna kveðju frá sér?

Svör:

- a. Fyrir utan bein Sessu eru í kistunni nokkrir af persónulegum munum hennar, svart pils, ullarsjal, rósavettlingar, gulnuð blúnda, Biblía og silfurkross.
- b. Svandís setur lásagrasíð í blómaskreytinguna sem kveðju til Sessu.